

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 690/1994 um snyrtivörur.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðast svo:

Akvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru sem fellur undir lyfjalög nr. 93/1994.

#### 2. gr.

17. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr.  
og í lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Reglugerðin er í samræmi við 1. tl., XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska  
efnahagssvæðið, tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur,  
ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE,  
83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/  
EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE,  
91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/34/EB og  
96/41/EB, svo og tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í  
tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE,  
95/32/EB og 96/45/EB.

#### 3. gr.

Viðauki 7 orðist svo:

#### VIÐAUKI 7

##### **Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.**

Við eftirlit með samsetningu snyrtivara skulu notaðar aðferðir sem birtar eru í tilskipun  
framkvæmdastjórnarinnar 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í  
tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE,  
95/32/EB og 96/45/EB.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr.  
og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu til þess að öðlast þegar gildi.  
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 444/1996 um breytingu á reglugerð nr. 690/1994 um  
snyrtivörur.

*Umhverfisstofnun, 3. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*